

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/1742**  
**komudagur 24.4.2006**

Allsherjarnefnd Alþingis.

Umsögn frá Hapdrætti D.A.S.

Varðar frumvarp til laga um Hapdrætti Háskóla Íslands nr. 748 um einkaleyfisgjald og greiðsla vinninga í peningum.

Stjórn Hapdrættis dvalarheimilis aldraða sjómanna (D.A.S.) telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við ofangreint frumvarp enda gengið út frá því að verið sé að koma á móts við eindregnar óskir stjórnar Hapdrættis D.A.S. um að fá að greiða vinninga út í peningum s.b.r. athugasemdir um 2 gr. frumvarpsins.

Jafnframt lítur stjórn Hapdrættis D.A.S. svo á að verið sé að koma á móts við tilmæli Samkeppnisstofnunar dags. 9. maí 2000 (álit nr. 4/2000) sem beindi þeim tilmælum til dómsmálaráðherra að beita sér fyrir því að samkeppnisstaða hapdrættanna D.A.S. og S.Í.B.S. yrði gerð sem jöfnust að því er varðar skilmála fyrir rekstrinum.

Að lokum leggur stjórn Hapdrættis D.A.S. áherslu á nauðsyn þess að frumvarpið verði afgreitt á yfirstandandi þingi því framundan er nýtt hapdrættisár sem byrjar í maí n.k.

f.h. stjórnar Hapdrættis D.A.S.  
Sigurður Ágúst Sigurðsson forstj.